

Ágrip
Vegarollur og umferðaröryggi
Ólafur Páll Vignisson

Það er viðfangsefni þessa rannsóknarverkefnis að rannsaka tjón á vegsvæðum sem rekja má til lausagöngu búfjár. Eru niðurstöður rannsóknarvinnunnar dregnar fram í skýrslu sem skipt er í 7 kafla. Í fyrstu er tjóninu lýst og skýrt frá slysatíðni af völdum þess og því ástandi sem ríkir. Réttarstaða vegfarenda er skoðuð og þeirra sem hlut eiga að máli með því að líta á dómaframkvæmd. Þá verður staðan í nokkrum löndum skoðuð í samanburði við Ísland en aðallega er litið til Skandinavíu. Þá varpar höfundur fram hugleiðingum um tjónið og í kjölfar þess setur höfundur fram tillögur til úrbóta, hvernig hægt verði að betrumbæta núverandi ástand og efla þannig umferðaröryggi til muna. En niðurstaða höfundar á því sviði er í grófum dráttum sú að hægt sé að stórefla umferðaröryggi hvað þetta varðar með einfaldri en góðri lagasetningu. Hún þarf að vera skýr og fela í sér skýr markmið, auk þess sem einhverskonar viðurlög þurfa jafnvel að liggja að baki lögunum svo markmiðin nái fram að ganga. En til þess þarf einnig samstarf allra þeirra sem koma að þessum málum en það eru aðallega bændur, sveitarfélög, Vegagerðin og vegfarendur.